

## Stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs

### 7. fundur 17. jan. 2002

Fundur var haldinn í stjórn Héraðsskjalasafns Kópavogs fimmtudaginn 17. janúar 2002 í húsakynnum safnsins að Hamraborg 1-3, 3. hæð, og hófst kl. 17.00.

Fundinn sátu stjórnarmennirnir Hilmar Björgvinsson formaður, Gylfi Gröndal og Hjörtur Pálsson auk Leós Ingasonar héraðsskjalavarðar. - Formaður setti fund, en síðan var gengið til boðaðrar dagskrár sem send hafði verið út og var sem hér segir:

1. Starfið framundan.
2. Aðstaða fyrir fræðimenn o.fl.
3. Tölvumál.
4. Önnur mál.

#### 1. Starfið framundan.

Héraðsskjalavörður skýrði frá því að skráning væri hafin í safninu af fullum krafti og vinnur Anna Stella Snorradóttir við hana.

Þá lýsti hann vilja sínum til þess að hafa samband við gamla Kópavogsbúa um hvað vera kynni í fórum þeirra sem fengur væri að fyrir safnið og leitaði álits stjórnar á því máli. Hjörtur minnti á að þetta hefði áður verið rætt á fundum stjórnar og lýsti þeirri skoðun sinni að kanna þyrfti sem fyrst og eins vandlega og unnt væri hvaða efni rosknir bæjarbúar lumuðu á sem þeir vildu láta af hendi og fengur væri í fyrir safnið. Ekki væri eftir neinu að bíða með að kanna hvernig landið lægi og semja um að tryggja safninu slík gögn úr einkasöfnum þótt orðið gæti einhver bið á að unnt yrði að taka við þeim og skrá þau. Annars væri hætta á að þau færu forgörðum eða hyrfu með þeirri kynslóð sem enn varðveitir þau og þekkir þau best. Allir stjórnarmenn voru sammála um þetta sjónarmið og fólu skjalaverði að vinna að þessu eftir föngum.

Upplýst var að í Bókasafni Kópavogs væri nú unnið að því með styrk frá Lista- og menningarráði að skrá og ganga frá nokkrum skjalasöfnum sem verið hafa í Bókasafni Kópavogs, en fara eiga vel frágengin í héraðsskjalasafnið.

Beðið er eftir styrkframlagi Þjóðskjalasafns sem vonast er til að berist á næstunni, og vinnur héraðsskjalavörður að því máli.

Ennfremur er í samræmi við eftirlitsskyldu og umsjónarhlutverk héraðsskjalasafnsins unnið að "skjalaúttekt" sem héraðsskjalavörður kemur að ásamt fleirum og unnin er í samvinnu við fyrirtækið Hugvít í því skyni að bæta skjalastjórn og skjalavörslu bæjarins svo að hún verði sem skýrust og skilvirkust og ábyrgð og verkaskipting sem ljósust.

#### 2. Aðstaða fyrir fræðimenn o.fl.

Engin aðstaða hefur verið fyrir fræðimenn eða aðra gesti til vinnu í safninu til þessa þótt nokkuð sé farið að leita þangað. Stjórnin var sammála um að við svo búíð mætti ekki standa þótt aðstaða sé léleg sem stendur til þess að bæta úr því. Héraðsskjalaverði

var þess vegna falið að útvega tvö borð og stóla ásamt hlífðarskermum og reyna að koma þeim fyrir til bráðabirgða á eins hentugan hátt og unnt væri.

Formaður vakti athygli á því að nauðsynlegt væri að merkja safnið betur svo að ljósar sæist utan frá það er til húsa. Aðrir stjórnarmenn tóku undir það og fólu héraðsskjalaverði að koma fyrir viðeigandi merkingarspjaldi í glugga/gluggum.

### 3. Tölvumál.

Að loknum umræðum um tölvumál, þar sem fram kom að tenging safnsins við tölvukerfi bæjarins er ekki nógu öflug, taldi stjórnin brýnt að bætt yrði úr því. Fól hún héraðsskjalaverði að fá þessu breytt, þannig að í stað núverandi ISDN-tengingar verði komið á ASDL-tengingu, enda upplýst að sá kostur væri mun ódýrari.

### 4. Önnur mál.

a) Formanni hafði borist bréf, dags. 20. des. 2001, undirritað af bæjarritara, vegna fg. safnstjórnar frá 20. sept. s.á., með eftirfarandi bókun sem samþykkt var á fundi Bæjarráðs Kópavogs 13. des. 2001:

"Bæjarráð þakkar stjórninni fyrir höfðinglegar móttökur við opnun safnsins og óskar henni til hamingju með tímamótin."

Stjórn héraðsskjalasafnsins þakkar bæjarráði kveðjuna.

b) Þá þakkar stjórnin einnig eftirfarandi bókun af sama tilefni, sbr. fg. bæjarstjórnar frá 18. des. 2001, o-lið:

"Sigurður Geirdal ræddi formlega opnun héraðsskjalasafns og óskaði því til hamingju. Forseti tók undir orð bæjarstjóra og flutti árnaðaróskir f.h. bæjarstjórnar til stjórnar safnsins af því tilefni."

c) Héraðsskjalavörður upplýsi að safnið væri í þann veginn að fá sérstaka kennitölu.

d) Þá skýrði hann frá því að Listasafn Kópavogs - Gerðarsafn hefði afhent héraðsskjalasafninu að gjöf gólfstæða sýningarskápa undir gleri ("vitrines") og von væri einnig á veggskápum þaðan. Skáparnir eru mikið þarfaþing og koma sér vel. Stjórnin þakkar listasafninu og forstöðumanni þess góða gjöf.

e) Héraðsskjalavörður sagði frá því að í bæjarblaði "Vinstri grænna" mundi brátt birtast umfjöllun um safnið og fögnuðu stjórnarmenn hverri slíkri tilraun til þess að vekja athygli á safninu og hlutverki þess í bænum.

Fleira gerðist ekki. Fundi slitið kl. 18.10.

Hilmar Björgvinsson  
formaður

Hjörtur Pálsson  
ritari

Gylfi Gröndal

Leó Ingason  
héraðsskjalavörður